

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík, 20. júlí 2020
UST202003-246/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Dalabyggðar

Þann 22. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Dalabyggðar í landi Höskuldsstaða við Laxárdalsveg. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Rakel Kristjánsdóttir

Afrít: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dalabyggð Höskuldsstaðir



UMHVERFIS

STOFNUN

Dags eftirlits	22.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Dalabyggð	Eftirlitsmaður	
Heimili	Miðbraut 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106942019	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Viðar Þór Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Dalabyggðar í landi Höskuldsstaða í Laxárdal. Eitt opio frávik kom fram í eftirliti 2018 er varðar skil á skráningum, rekstraraðili hefur bætt úr því og telst því lokið. Engin frávik komu fram í eftirliti nú og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með urðunarstað Dalabyggðar í landi Höskuldsstaða í Laxárdal og var umfang eftirlitsins eftifarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Um er að ræða urðunarstað fyrir óvirkan úrgang sem safnast í Dalabyggð og voru urðuð tæp 22 tonn þar árið 2019. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila sjá verktakar um söfnun og urðun úrgangsins, tekin er u.p.b. ein gryfja á ári.

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits, en farið hefur verið í eftirlit annað hvert ár á urðunarstaðinn og var síðasta eftirlit árið 2018. Í því eftirliti kom fram frávik frá gr. 5.1 í starfsleyfi er varðar skráningar. Rekstraraðili hefur bætt úr vegna fráviksins og komið skráningum í reglubundin farveg.

Kynnt var áhættumat fyrir urðunarstaðinn, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Samkvæmt áhættumati ársins 2019 fellur urðunarstaðurinn nú í áhættuflokk C, þ.e. reglubundið eftirlit annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað árlega út frá fyrilliggjandi gögnum.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Girðing er umhverfis urðunarstaðinn, hlið eru læst og frágangur í samræmi við ákvæði starfsleyfisins.

Reykjavík, 20.07.2020

Sigríður Magnúsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.